



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. **P/30/2316**
komudagur 5.5.2004

Dagsetning
4.5.2004

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um loftferðir, 945. mál, frumvarp til laga um alþjóðasamninga um loftflutninga milli landa, 946. mál og frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 947. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi á Próunarsviði Byggðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 130/2335
komudagur 6.5.2004

Samgöngunefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
Ísland

05.05.2004

Frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála.

Vísað er í bréf yðar frá 27. apríl, þar sem farið er fram á umsögn Flugfélags Íslands um ofangreint frumvarp. Nú er það ljóst að dómur EFTA dómstólsins frá 12. desember 2003 leiðir til þess að gera verður breytingar á því kerfi sem farþegaskattar hafa verið innheimtir eftir. Flugrekendur í innanlandsflugi vissu að hækkunar var að vænta vegna þessa máls og það má segja að sú niðurstaða sem náðst hefur um kr. 382 á hvern brottfararfarþega sé ásættanleg niðurstaða miðað við það, ef upphæðinni hefði einfaldlega verið jafnað niður á innanlands- og millilandaflug. Það er hins vegar rétt að benda á, að brottfararskattar eru borgaðir af hverri brottför í innanlandsflugi, þannig að farþegar sem fljúga fram og til baka borga kr. 764 í farþegaskatta eftir breytingar. Farþegar í millilandaflugi borga aðeins brottfaraskatt í Keflavík - eða kr. 382. Það er einnig rétt að benda á, að þessi breyting mun þýða um kr. 70 milljónir í auknar álögur á innanlandsflugið. Sem betur fer hefur rekstur í innanlandsflugi gengið betur á undanförunum árum en áratugina á undan. Hér er hins vegar verið að leggja til verulega kostnaðarhækkun, sem mun hafa áhrif á samkeppnisstöðu innanlandsflugs. Í því sambandi er rétt að benda á, að flug til smærri áfangastaða hefur ekki verið ábatasamt og er síðasta dæmið að flugi til Sauárkróks verður hætt fljótlega ef svo fer fram sem horfir. Það má gera ráð fyrir að aukin gjaldtaka veiki enn stöðu þessara áfangastaða. Ekki er að sjá að um neinar sértækar aðgerðir verði að ræða til að mæta þessari hættu.

Samkvæmt þessu frumvarpi er nú lagður á sérstakt varaflugvallargjald, vegna kostnaðar við rekstur varaflugvalla í millilandaflugi. Eins og þessu er stillt upp verður heildarkostnaður millilandaflugs frá Keflavík sá sami og áður, ef lagt er saman þetta nýja varaflugvallargjald og nýir farþegaskattar. Það virðist því sem heildargjaldtaka hins opinbera af flugrekstri vaxi um a.m.k. 70 milljónir á ári, sem eru þá viðbótarálögur á innanlandsflug. Í forsendum þessara breytinga var ekki gert ráð fyrir að heildartekjur hækkuðu vegna þessara formbreytinga. Einnig er rétt að benda á, að samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að varaflugvallargjald leggist á millilandaflug til Grænlands og Færeyja. Fram til þessa hafa

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Air Iceland

Reykjavíkurflugvelli • 101 Reykjavík • Sími 570 3000 • Fax 570 3001



einungis verið greiddir farþegaskattar eins og að um innanlandsflug væri að ræða í flugi til þessara nágrannalanda okkar. Það verða því verulegar breytingar á gjaldtöku vegna þessa flugs, gangi þetta eftir. Gjaldtaka á hvern brottfararfarþega verður því hér eftir um kr. 1.250 eftir breytingar - en var kr. 165 samkvæmt eldri lögum. Ástæða þessa var, að talið var rétt að reyna að efla samgöngur á milli þessara nágrannalanda með þessum hætti. Hér hefur greinilega orðið stefnubreyting, sem mun hafa áhrif á verð farmiða á milli Íslands og þessara landa.

Ég vil að lokum lýsa því yfir, að við erum að sjálfsögðu reiðubúin til að gefa frekari upplýsingar eða athugasemdir ef eftir því verður sóst.

Virðingarfyllt


Jón Karl Ólafsson
framkvæmdarstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 130/2317
komudagur. 5. 5. 2009

Frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála.

Vísað er í bréf yðar frá 27. apríl, þar sem farið er fram á umsögn Flugfélags Íslands um ofangreint frumvarp. Nú er það ljóst að dómur EFTA dómstólsins frá 12. desember 2003 leiðir til þess að gera verður breytingar á því kerfi sem farþegaskattar hafa verið innheimtir eftir. Flugrekendur í innanlandsflugi vissu að hækkun var að vænta vegna þessa máls og það má segja að sú niðurstaða sem náðst hefur um kr. 382 á hvern brottfararfarþega sé ásættanleg niðurstaða miðað við það ef allur skatturinn hefði einfaldlega verið jafnað niður á innanlands- og millilandaflug. Það er hins vegar rétt að benda á, að brottfararskattar eru borgaðir af hverri brottför í innanlandsflugi, þannig að farþegar sem fljúga fram og til baka borga kr. 764 í farþegaskatta eftir breytingar. Farþegar í millilandaflugi borga aðeins brottfaraskatt í Keflavík - eða kr. 382. Það er einnig rétt að benda á, að þessi breyting mun þýða um kr. 70 milljónir í auknar álögur á innanlandsflugið. Sem betur fer hefur rekstur á innanlandsflugi gengið betur á undanfórnum árum en áratugina á undan. Hér er hins vegar verið að leggja til verulega kostnaðarhækkun, sem mun hafa áhrif á samkeppnisstöðu innanlandsflugs. Í því sambandi er rétt að benda á, að flug til smærri áfangastaða hefur ekki verið ábataamt og er síðasta dæmið að flugi til Sauárkróks verður hætt fljótlega ef svo fer fram sem horfir. Það má gera ráð fyrir að aukin gjaldtaka veiki enn stöðu þessara áfangastaða. Ekki er að sjá að um neinar sértækar aðgerðir verði að ræða til að mæta þessu. Samkvæmt þessu frumvarpi er nú lagður á sérstakt varaflugvallargjald, vegna kostnaðar við rekstur varaflugvalla í millilandaflugi. Eins og þessu er stillt upp verður heildarkostnaður millilandaflugs frá Keflavík sá sami og áður, ef lagt er saman þetta nýja varaflugvallargjald og nýir farþegaskattar. Það virðist því sem heildargjaldtaka hins opinbera af flugrekstri vaxi um a.m.k. 70 milljónir á ári, sem eru þá viðbótarálögur á innanlandsflug. Í forsendum þessara breytinga var ekki gert ráð fyrir að heildartekjur hækkuðu vegna þessara formbreytinga. Einnig er rétt að benda á, að samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að varaflugvallargjald leggist á millilandaflug til Grænlands og Færeyja. Fram til þessa hafa einungis verið greiddir farþegaskattar eins og að um

innanlandsflug væri að ræða í flugi til þessara nágrannalanda okkar.
Það
verða því verulegar breytingar á gjaldtöku vegna þessa flugs, gangi
þetta
eftir. Gjaldtaka á hvern brottfararfarþega verður því hér eftir um kr.
1.250 eftir breytingar - en var kr. 165 samkvæmt eldri lögum. Ástæða
þessa
var, að talið var rétt að reyna að efla samgöngur á milli þessara
nágrannalanda með þessum hætti. Hér hefur greinilega orðið
stefnubreyting,
sem mun hafa áhrif á verð farmiða á milli Íslands og þessar landa.

Ég vil að lokum lýsa því yfir, að við erum að sjálfsögðu reiðubúin til
að
gefa frekari upplýsingar eða athugasemdir ef eftir því verður sóst.

Kær kveðja/best regards,

Jón Karl Ólafsson
Flugfélag Íslands
Sími: 570 3000
Fax: 570 3001
E-mail: jonkarl@flugfelag.is
<http://www.flugfelag.is>

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P/30/2304
komudagur 4.5.2004

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála,
nr.31/1987, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004.)

Flugvallagjald er í dag 165 kr fyrir hvern farþega, en farþegar á aldrinum tveggja til tólf ára greiða helming gjaldsins en farþegar innan tveggja ára aldurs greiða ekkert gjald. Með þessu frumvarpi er verið að leggja til að hækka þetta gjald um 132% eða í 382 kr. Flugfélag Vestmannaeyja flutti í fyrra um 26.000 farþega á milli Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar, og um 3000 farþega á aðra áfangastaði á landinu.

Fargjaldið á milli Vestmannaeyja og Bakka er í dag 2000 kr. og er flugvallagjaldið um 9% af farmaðaverði, ef við munum halda verði á flugleiðinni óbreyttu þá mun farþegagjaldið verða um 24% af farmaðaverði. Þessi hækkun mun þýða það að þessi aukni kostnaður mun flytjast út í farmaðaverðið. Aðeins tekur um 6 mínútur að fljúga milli Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar, á milli Reykjavíkur og Egilsstaða er um 60 mínútna flug, og á milli Keflavíkur og Minneapolis er um 6 klst flug og fyrir þessar flugleiðir á að innheimta sama flugvallaskatt.

Rekstrarkostnaður minni flugfélaga jókst mikið árið 2002 þegar JAR-OPS 1 reglur tóku gildi og höfum við þurft að bera þann kostnað ásamt farþegum okkar en frá því að nýju reglurnar tóku gildi hefur fargjaldið á milli Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar hækkað um 35% eða úr um 1500 kr. í 2000 kr. Það verður afar erfitt fyrir okkur að ætla að hækka fargjaldið um 11% til viðbótar eða í um 2220 kr vegna hækkunnar á flugvallaskatti.

Það er mjög óréttlátt að ætla að innheimta sama gjald fyrir farþega sem fær notið allra þeirra þæginda sem hugsast getur, á meðan farþegar sem fljúga á milli Bakka og Vestmannaeyja þurfa jafnvel að bíða í bílum sínum vegna þrengsla í flugstöð. Þessum sömu farþegum er svo boðið uppá það að flugvöllurinn uppfyllir ekki þær kröfur sem í gildi eru um lágmarksútbúnað á flugvöllum t.d. grunnaðflugsbúnað með hringvitum (NDB) eða GPS leiðsögn og ekki þykir stórmál að aðflugshallabúnaður skuli ekki vera til staðar og að norður-suður flugbrautin skuli vera það illa farin að hún sé varla nothæf.

Mín tillaga er sú að flugvallaskatturinn verði bundinn við lengd flugleiðar, en til vara hef ég aðra tillögu og er hún sú að flugvallaskatturinn verði óbreyttur 165 kr. fyrir hvern farþega, en varaflugvallagjaldið verði hækkað í 815 kr. fyrir hvern farþega.

Að lokum vil ég lýsa yfir óánægju minni með þann stutta tíma sem gefinn er til athugasemda fyrir þetta mikilvægt mál.

Virðingafyllst,

Valgeir Arnórsson
Framkvæmdastjóri
Flugfélag Vestmannaeyja
900 Vestmannaeyjum



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. **p** 130/2534

Þinnudagur 130/2004

Reykjavíkurflugvöllur
101 Reykjavík
Sími 569 4100 · Fax 562 3619
www.caa.is · fms@caa.is

Alþingi v/Austurvöll
Hr. Stefán Árni Auðólfsson
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Tilv. vor

2004040071

Bréfalykill:

5.1.2

Dags.

28. apríl 2004

Dags.

3. maí 2004

Efni: Umsögn um frumvörp.

Vísað er til bréfa Samgöngunefndar Alþingis dags. 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagna um eftirfarandi frumvörp: frumvarp til laga um loftferðir (945. mál), frumvarp til laga um alþjóðasamning um loftflutninga milli landa (946. mál) og frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála (947. mál). Flugmálastjórn hefur engar athugasemdir við framangreind frumvörp.

Vörðingarfyllst

Þorgeir Pálsson
flugmálastjóri

4. maí 2004

Fyrir Alþingi liggur nú fyrir frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála. Verði frumvarp þetta að lögum mun það hafa mikla kostnaðaraukningu í för með sér fyrir Flugleiðasamstæðuna og íslensku ferðaþjónustuna.

Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi Keflavíkurflugvallar í starfsemi Flugleiðasamstæðunnar enda flugvöllurinn móðurstöð Icelandair. Í tengslum við flug Icelandair er á Keflavíkurflugvelli rekin flugafgreiðsluþjónusta, bílaleiga, söluskrifstofa, flugeldhús, veitingarekstur, biðstofa fyrir farþega á viðskiptafarrými, fraktmiðstöð, tæknistöð ofl. Alls starfa á vegum Flugleiðasamstæðunnar 600-800 manns á Keflavíkurflugvelli við þessa starfsemi og skiptir hún því gríðarlega miklu máli fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum.

Icelandair starfar á alþjóðamarkaði og skiptir skiptistöð félagsins í Keflavík megin máli í þeirri starfsemi. Um 75% flugfarþega hjá Icelandair eru erlendir farþegar en flug félagsins er undirstaðan í almennt flugumferð um Keflavíkurflugvöll. Um 70-80% af flugfarþegum sem fara í gegnum flugstöðina í Keflavík eru á vegum Icelandair. Megin hluti allra skiptafarþega sem fara í gegnum stöðina eru á vegum Icelandair. Um 80-90% af erlendum ferðamönnum sem koma til landsins koma með Icelandair og um 50-60% Íslendinganna sem fara til útlanda fljúga með félaginu. Ljóst má því vera að hagsmunir Icelandair og Flugleiðasamstæðunnar á þróun starfseminnar á Keflavíkurflugvelli eru verulegir.

Ef ofangreint frumvarp verður samþykkt mun það þýða um 70 milljónir króna hækkun á kostnaði hjá Icelandair á ári. Þessi þróun er félaginu mjög óhagstæð og andstæð almennt þróun í alþjóðarflugi. Alþjóðaflug hefur gengið í gegnum mikla erfiðleika síðustu ár og hefur þrýstingur á lægri fargjöld aldri verið meiri. Megin áhersla alþjóðlegra flugfélaga einkennist því í dag fremur öðru af lækkun kostnaðar og einföldun rekstrarins. Með hækkun ríkisins á gjöldum á Keflavíkurflugvelli er samkeppnishæfni Icelandair á alþjóðamarkaði rýrð auk þess sem samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónusta mun minnkað. Er þetta andstætt stefnu ríkisins að auka fjölda ferðamanna til landsins.

Það er mat Flugleiðasamstæðunnar -að óeðlilegt sé að rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og rekstur flugvallarins séu aðskildir. Á sama tíma og

lagt er til að gjöld hækki vegna rekstur flugvallarins er Flugstöð Leifs

Eiríkssonar rekin með miklum hagnaði. Hagnaður stöðvarinnar var 545 milljónar krónar árið 2003 og 838 milljónir krónar árið 2002. Arður stöðvarinnar til ríkisins á síðara ári voru 375 milljónir króna. Skoða verður þessar tölur með tilliti þeirra hækkana á lendingargjöldum sem boðuð

eru með frumvarpinu. Að mati Flugleiða má það ekki verða markmið ríkisins

að nýta sér þá aukningu í farþegafjölda sem markaðsstarf ferðapjónustunnar

skilar inn í flugstöðina til þess að ná fram sívaxandi hagnaði af starfseminni. Flugstöðin er samgöngumannvirki og eini tilgangur ríkisins

með rekstri þess á að vera að veita flugrekendum og farþegum þeirra nauðsynlega þjónustu með algjörum lágmarks tilkostnaði. Með þessu er ekki

verið að leggja mat á fjárþörf Keflavíkurflugvallar heldur verið að benda á

mikilvægi samræmingar á starfseminni á Keflavíkurflugvelli.

Hækkun gjalda, eins og boðuð er ofangreindu frumvarpi er að mati Flugleiðasamstæðunnar algjörlega á skjön við þróun á rekstrarumhverfi í

alþjóðarflugi og mun skaða samkeppnishæfni Keflavíkurflugvallar.

Hækkunin

mun hækka kostnað flugrekenda og draga úr getu þeirra til að standa sig í

samkeppninni. Umhverfi flugfélagana er hratt að breytast, og sífellt meiri

krafa er gerð um lækkun kostnaðar. Opinberir aðilar jafnt sem ýmsir þjónustu- og viðskiptaaðilar flugfélaga eru að bregðast við þessari þróun

með lækkun kostnaðar til flugfélaganna. Þar getur Keflavíkurflugvöllur ekki

verið undan skilinn.

Gudjon Arngrimsson

Director Corporate Communication

Icelandair Head Office, Reykjavik Airport

101 Reykjavik, Iceland

Tel: +354 5050 300, gudjon@icelandair.is

<http://www.icelandair.net>



Alþingi
Erindi nr. P 130/2540
komudagur 28.5.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. maí 2004

Sam 203/2004 PS/sp
Tilv.: 051

Efni: Frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. maí var lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 947. mál.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/2339
komudagur 6.5.2004



Samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2004

Umsögn um frumvörp til breytinga á lögum um loftferðir, 945. mál og frumvörp til breytinga á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 947. mál.

Árleg hækkun verður 170-200 milljónir fyrir flugrekstur

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreind frumvörp til umsagnar og lýsa sig alfarið á móti þeim kostnaðarhækkunum sem þar eru lagðar til.

Vegna dóms ESA um jafnræði í farþegasköttum í innanlandsflugi og millilandaflugi er ljóst að gera þarf breytingar á reglum um farþegaskatta en þær breytingar áttu ekki að leiða til aukinna álaga á flugrekstur í landinu.

Umræddar breytingar á farþegasköttum leiða til kostnaðarauka að upphæð 70 milljónir fyrir innanlandsflugið og veikir þar af leiðandi samkeppnisstöðu þess. Breytingar á farþegasköttum leiða ekki til hækkana fyrir millilandaflug. Aftur á móti verða hækkarnir skv. frumvörpunum á lendingargjöldum og öryggisgjöldum í millilandaflugi að upphæð kr. 100-130 milljónir á ári. Óhjákvæmilega verður þessum kostnaðarauka velt til ferðamanna, jafn innlendra sem erlendra. Samkeppnisstaða íslenskrar ferðaþjónustu mun að sjálfsögðu skerðast að sama skapi.

Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla því harðlega að enn á ný skuli íslensk stjórnvöld íþyngja þeirra atvinnugrein sem hefur hvað mesta vaxtarmöguleika fyrir íslenskt atvinnulíf. Með því er afkomu fyrirtækja í greininni stefnt í hættu sem og sérhæfðum störfum fjölmargra einstaklinga. Sérstaklega er það slæmt að stjórnvöld skuli skjóta sér að bak við dóm EFTA dómstólsins til að réttlæta auknar álögur á flugrekstur í landinu. Dómurinn laut að formi farþegaskatta en átti ekki að þýða auknar álögur.

Það er sérstaklega umhugsunarvert að þessar auknu álögur ganga þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að íslenskri ferðaþjónustu verði sköpuð sambærileg rekstrarskilyrði og í samkeppnislöndunum. Þessar nýju álögur munu ganga í þveröfuga átt verði þær að veruleika.

Einnig er ástæða til að lýsa áhyggjum yfir stjórnsýslu Keflavíkurflugvallar. Á sama tíma og Flugstöð Leifs Eiríkssonar er rekin með miklum hagnaði er stofnað til stórauðinna gjalda til að fjármagna rekstur flugvallarins. Stjórn flugvallarins virðist vera í höndum margra embætta sem oft virðast ekki samstíga í athöfnum sínum og í litlum tengslum við yfirstjórn flugmála í landinu. Á sama tíma og lagt er til að hækka




kostnað á fyrirtækin til þess að fjármagna rekstur á dýru flugvallakerfi hlýtur að vera kominn tími til að endurskoða tvöfalt flugstjórnarkerfi í landinu, sem ekki þekkist í nágrennalöndum okkar þrátt fyrir tilvist herflugvella.

Samtök ferðaþjónustunnar fara þess á leit að fá að hitta nefndina og skýra frekar sjónarmið ferðaþjónustunnar í þessu mikilvæga máli.

Virðingarfyllst

F.h Samtaka ferðaþjónustunnar


Erna Hauksdóttir

framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. 130/2327
komudagur 4.5.2004



Nefndarsvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 04. maí 2004
Tilvísun: 2004040053/14.2.0
GG/BH
Tilv. ykkar: 27.04.04

Efni: Frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála 947. mál.

Með bréfi dags. 27. apríl 2004 er óskað umsagnar um ofangreint frumvarp.

Það tilkynnist hér með, að Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.